

Ed.

491. Frumvarp

til laga um samþyktir um herpinótaveiði á fjörðum inn úr Húnaflóa.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum Strandasýslu, Vestur-Húnavatnssýslu og Austur-

Húnavatnssýslu, hverri í sínu lagi eða saman, að gera samþykktir um síldveiði með herpinót á Húnaflóa, innan lína, er hugsast dregnar:

- a. Frá Drangaskörðum í Ljetthöfða, þaðan í Skreflusker og frá Skrefluskeri í Veturmáfasker.
- b. Frá Bjarnanestöngum í Hnappasker á Hrútafirði, þaðan í Heggstaðanes og þaðan í Ánastaðabæ austan við Miðfjörð.
- c. Á Húnafirði ræður landhelgi takmörkunum, innan við línu, er hugsast dregin úr Vatnsnestá austanverðri að Sölvabakka í Refasveit.

2. gr.

Þá er sýslunefndunum þykir þörf á að gera samþykkt þá, er 1. gr. ræðir um, eða fá óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum, og þeim þykir rjett að taka þær óskir til greina, skulu þær semja frumvarp til samþykktarinnar, og kveðja síðan til fundar, með nægum fyrirvara, fyrir svæði það, er samþykktin á að ná yfir. Atkvæðisrjett á þeim fundi hafa allir þeir, er kosningarrjett eiga til Alþingis á nefndu svæði. Oddvitar sýslunefndanna boða fundinn, ákveða fundarstað og sjá um fundarstjórn.

3. gr.

A fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykktar, er samið hefir verið samkv. 2. gr. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, skal það sent stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með $\frac{2}{3}$ atkvæða og sýslunefndirnar fallast á þær. En vilji þær ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþykktar, er eigi hefir náð $\frac{2}{3}$ atkvæða á samþykktarfundi, er fallið, og má eigi koma fram á ný á því ári.

4. gr.

Nú er samþykkt gerð, eins og fyrir er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist þá stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Fylgi henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skiptar fyrir um birting hennar og ákveður, hve nær hún öðlist gildi.

Samþykkt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

Samþykkt, sem gerð er samkvæmt lögum þessum, gildir eigi lengur en 5 ár í senn, en endurnýja má samþykktina fyrir jafnlangan tíma á sama hátt og hún hefir verið sett.

5. gr.

Í samþykkt skal ætíð kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig kostnað við það skuli greiða.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má ákveða sektir allt að 500 kr., og skal í samþykktinni ákveða, í hvern sjóð eða til hverra sektirnar skuli renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykkt skal farið sem almenn lögreglumál.